

Bæjarráð FW: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Guðmundur Gunnarsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð FW: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins
Málsnúmer : 2019060036
Málsaðili : Kómedíuleikhúsið
Skráð dags : 05.09.2019 14:52:51
Höfundur : Guðmundur Gunnarsson

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri

450 8000 - gudmundur@isafjordur.is

From: Kómedíuleikhúsið [mailto:komedia@komedia.is]

Sent: Thursday, September 5, 2019 1:00 PM

To: Guðmundur Gunnarsson

Subject: Re: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins

Þakka fundinn - komdu sem oftast á Þingeyri því hér er margt að gjörast.

Hér er lýsing á Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins

Kómedíuleikhúsið er á götunni en snýr vörn i sókn með Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins og þar getur Ísafjarðarbær átt stóran þátt með því að útvega húsnæði undir starfseminna.

Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins. Hér er um að ræða brautryðjenda verkefni í leiklistarmálum á svæðinu. Kómedíuleikhúsið ætlar að koma sér upp sérstakri leiklistarmiðstöð undir starfsemi sína á Þingeyri. Um er að ræða vinnuáætlun til æfinga á leikverkum okkar, skrifstofuáætlun Kómedíuleikhússins, aðstaða til hýsa leikmyndir okkar og búningasafn. Einnig mun aðstaðan nýtast sem æfingaástaða fyrir Leikdeild Höfrungs og síðast en ekki síst aðstaða til að geta boðið uppá leiklistarnámskeið. Fyrstu námskeiðin verða strax í nóvember þar sem heimamönnum gefst tækifæri til að gera eigin grímur fyrir þrettánda hátíðina á Þingeyri sem er alveg stórmerkileg og ætti í raun að vera hin árlega Þrettándagleði Ísafjarðarbæjar. Leiklistarmiðstöðin verður því sannkölluð leiksamfélagsmiðstöð sem getur átt þátt í að gera búestu á Þingeyri enn eftirsóttari en hún er.

En það vantar húsnæði og við horfum til Ísafjarðarbæjar í þeim efnum. Því sérlega heppilegt húsnæði undir Leiklistarmiðstöðuna eru gömlu bæjarskrifstofurnar hjá Þingeyrarhreppi, þar sem bókasafnið var. Það húsnæði hefur staðið autt og ónotað í fjölda ári og því upplagt að koma líf í það með þessu spennandi leiklistarverkefni. Væri nú ekki meira vit í því að fylla húsin í þorpinu lífi frekar en hafa þau einsog draugahús. Rétt er að geta þess sérstaklega að Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins fékk í vor styrk frá verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar en vitanlega er sá styrkur skilyrtur við að við fáum húsnæðið.

Allt veltur það á undirtektum þessa umsóknar. Kómedíuleikhúsið hefur í dag ekkert fast æfingahúsnæði og því viljum við breyta og framtíðina sjáum við fyrir okkur í Dýrafirði, fáum við til þess stuðning. Okkar markmið er að vera leiðandi í leiklist á Vestfjörðum og því mun komandi leiklistarmiðstöð okkar hafa þar mikið að segja með framtíðina. Þangað mun streyma atvinnulistamenn til að vinna með okkur að uppsetningum Kómedíuleikhússins. Einnig mun hingað streyma listafólk allsstaðar af landinu til að sækja þar námskeið og annað leiklistartengt s.s. fyrirlestra. Þetta verður ekki sýningaraðstaða enda höfum við

glæst leikhús nú þegar á Þingeyri í Félagsheimilinu og þar munum við áfram sýna leikverk okkar einsog við höfum gert frá upphafi.

Það eru þau Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri, og Marsibil G. Kristjánsdóttir, listakona, sem stýra Kómedíuleikhúsinu. Með þeim starfa svo fjöldi listamanna að hverju leikverkefni fyrir sig nú síðast komu 13 listamenn að uppsetningu okkar á Dimmalimm. Sýning sem nú er sýnd fyrir fullu Þjóðleikhúsi sýningu eftir sýningu. Það má því búast við ævintýrlega miklu fjöri í leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins. Við miðum við það að flytja starfsemi okkar í leiklistarmiðstöð okkar á Þingeyri í ágúst 2019 og miðum verkefnið við eitt ár. September 2019 - ágúst 2020. Stefnan er svo sett á áframhald á leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins næstu árin hið minnsta eða eins lengi og Kómedíuleikhúsið starfar sem verður vonaði næstum því endalaust.

Með kveðju úr firði Dýra

Elfar Logi Hannesson

Kómedíuleikhúsið

www.komedia.is

From: Guðmundur Gunnarsson

Sent: Monday, May 27, 2019 1:20 PM

To: Kómedíuleikhúsið

Subject: RE: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins

Blessaður.

Þetta er frábært. Best er að senda formlegt erindi á bæjarráð. Það er góð byrjun.

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri

450 8000 - guðmundur@isafjordur.is

From: Kómedíuleikhúsið [<mailto:komedia@komedia.is>]

Sent: Monday, May 27, 2019 12:00 PM

To: Guðmundur Gunnarsson <guðmundur@isafjordur.is>

Subject: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins

sælir, við fengum styrk frá Öll vötn til Dýrafjarðar fyrir að koma upp Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins á Þingeyri. Einsog við ræddum þá var hugmynd um að nýta húsnæði bæjarins, skrifstofur Þingeyrarhrepss sáluga og bókasafnsins fyrir dæmið.

Hvernig er nú best að snú sér í þessu - á ég að senda formlegt bréf á Bæjarstjórn eða á þig?

til upprifjunar er hér lýsing á verkefninu:

Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins. Hér er um að ræða brautryðjenda verkefni í leiklistarmálum á svæðinu. Kómedíuleikhúsið ætlar að koma sér upp sérstakri leiklistarmiðstöð undir starfsemi sína á Þingeyri. Um er að ræða vinnuáðstöðu til æfinga á leikverkum okkar, skrifstofuáðstöðu Kómedíuleikhússins, aðstaða til hýsa leikmyndir okkar og búningasafn, og síðast en ekki síst aðstaða til að geta boðið uppá leiklistarnámskeið. Sérlega heppilegt húsnæði undir Leiklistarmiðstöðuna eru gömlu bæjarskrifstofurnar hjá Þingeyrarhreppi, þar sem bókasafnið var. Það húsnæði hefur staðið autt og ónotað í fjölda ári og því upplagt að koma líf í það með þessu spennandi leiklistarverkefni. Allt veltur það á undirtektum þessa umsóknar. Kómedíuleikhúsið hefur í dag ekkert fast æfingahúsnæði og því viljum við breyta og framtíðina sjáum við fyrir okkur í Dýrafirði, fáum við til þess stuðning. Okkar

markmið er að vera leiðandi í leiklist á Vestfjörðum og því mun komandi leiklistarmiðstöð okkar hafa þar mikið að segja með framtíðina. Þangað mun streyma atvinnulistamenn til að vinna með okkur að uppsetningum Kómedíuleikhússins. Einnig mun hingað streyma listafólk allsstaðar af landinu til að sækja þar námskeið og annað leiklistartengt s.s. fyrirlestra. Þetta verður ekki sýningaraðstaða enda höfum við glæst leikhús nú þegar á Þingeyri í Félagsheimilinu og þar munum við áfram sýna leikverk okkar einsog við höfum gert frá upphafi.

Það eru þau Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri, og Marsibil G. Kristjánsdóttir, listakona, sem stýra Kómedíuleikhúsinu. Með þeim starfa svo fjöldi listamanna að hverju leikverkefni fyrir sig nú síðast komu 13 listamenn að uppsetningu okkar á Dimmalimm. Sýning sem nú er sýnd fyrir fullu Þjóðleikhúsi sýningu eftir sýningu. Það má því búast við ævintýrlega miklu fjöri í leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins. Við miðum við það að flytja starfsemi okkar í leiklistarmiðstöð okkar á Þingeyri í ágúst 2019 og miðum verkefnið við eitt ár. Ágúst 2019 - ágúst 2020. Stefnan er svo sett á áframhald á leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins næstu árin hið minnsta eða eins lengi og Kómedíuleikhúsið starfar sem verður vonadi næstum því endalaust.

kveðja

Elfar Logi

Kómedíuleikhúsið

www.komedia.is